

Alþingi
Alþingishúsinu við Austurvöll
Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. D 141/1405
komudagur 8.2.2013

Reykjavík 5.febrúar 2013

Umsögn Íslenskra getrauna

við lagafrumvarp um breytingu á lögum um happdrætti nr. 38/2008
(Happdrættisstofa og bann við greiðsluþjónustu). Þingskjal 615 – 477. mál.

I. Almenn

Íslenskar getraunir voru stofnaðar í samræmi við lög nr. 59/1972 um getraunir. Eins og fram kemur í 1. gr. laganna er félaginu ætlað að afla fjár til stuðnings íþróttaiðkun á vegum Ungmennafélags Íslands og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Íslenskar getraunir fagna því að komið sé fram frumvarp sem ætlað er að efla forvarnir og takmarka aðgengi að óheimilum fjárhættuspilum hér á landi. Félagið telur þó nauðsynlegt að gera athugasemdir við ákveðna þætti frumvarpsins, einkum þá þætti sem fela í sér auknar álögur sem munu leggjast á starfsemi félagsins. Íslenskar getraunir starfrækja íþróttagetraunir sbr. 2. gr. laga nr. 59/1972 og í samræmi við reglugerð nr. 543/1995 um Íslenskar getraunir ásamt síðari breytingum.

Hluti af andvirði allrar sölu Íslenskra getrauna rennur beint til uppbyggingar og starfsemi æskulýðs- og íþróttamála. Með þátttöku í leikjum á vegum Íslenskra getrauna eru þátttakendur að styrkja nauðsynleg samfélagsleg málefni og leggja traustan grunn að áframhaldandi uppbyggingu þeirra. Í starfsemi Íslenskra getrauna gilda því ekki sömu sjónarmið og í hefðbundnum atvinnurekstri heldur er markmiðið að nýta þessa fjármuni í þágu góðra málefna. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. gildandi happdrættislaga nr. 38/2005 er það forsenda þess að reka megi happdrætti á Íslandi að um sé að ræða starfsemi sem rekin er til almannaheilla. Íslenskar getraunir hafa ekki farið varhluta af því að á vefnum eru starfrækt ólögleg happdrætti sem sérstaklega er beint til Íslendinga. Þessi starfsemi er hvorki rekin til að afla fjár til almannaheilla né hefur leyfi samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 38/2005 eða er starfrækt í á grundvelli sérstakrar lagaheimildar eins og skilyrði er þegar um peningahappdrætti er að ræða sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Það er ljóst að starfsemi

sem ekki er rekin í fjáröflunarskyni lýtur öðrum lögmálum en sú starfsemi sem rekin er í samræmi við lög nr. 38/2005. Íslenskar getraunir hafa því óneitanlega orðið þess varar að sú starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni og boðið er upp á hér á landi skerðir tekjur félagsins og möguleika þess til að afla fjár til almannaheilla.

Rétt er að benda á að Íslenskar getraunir og Íslensk getspá voru fyrstu happdrættisfyrirtækin á Íslandi til að fá vottun *European Lotteries* og *World Lotteries* um Ábyrga Spilun (Responsible Gaming). Félögin hafa því verið brautryðjendur hér á landi þegar kemur að því að reka ábyrga starfsemi og gæta að hagsmunum þeirra sem eru veikir fyrir fjárhættuspilum. Komið hefur fram í rannsóknum að þeir leikir sem Íslenskar getraunir starfrækja höfða ekki sterkt til þeirra sem eiga við spilavanda að etja.

Hér á eftir verður vikið að einstökum efnisatriðum frumvarpsins og settar fram athugasemdir Íslenskra getrauna.

II. Bann við greiðsluþjónustu samkvæmt 6. gr. frumvarpsins

Í frumvarpinu er lagt til í 6. gr. að óheimilt verði að veita happdrætti, sem ekki hefur fengið leyfi til slíks reksturs, greiðsluþjónustu án tillits til þess hvort starfsemin er rekin á Íslandi eða erlendis.

Íslenskar getraunir fagna ákvæðinu og styðja að slíkt ákvæði verði að lögum. Eins og að framan greinir starfa Íslenskar getraunir á íslenskum happdrættismarkaði og hafa tapað á erlendri ólöglegri samkeppni. Árið 1996 voru Íslenskar getraunir meðal þeirra fyrstu í heiminum til að bjóða leiki sína á netinu. Á undanförunum árum hefur félagið misst markaðshlutdeild til erlendra fyrirtækja sem ekki starfa í samræmi við íslensk lög. Þessi erlendu fyrirtæki geta boðið mun söluvænni vöru (þ.e. hærrí vinninga og stuðla) enda er starfsemi þeirra ekki rekin í almannabágu heldur af einstaklingum sem þurfa mun lægri arðsemi sökum mikillar veltu og þeirrar staðreyndar að þeir hafa engar samfélagslegar skyldur á sínum herðum. Í ljósi þessa telja Íslenskar getraunir afar brýnt að sporna við því að starfsemi sé rekin hér á landi í andstöðu við lög og álitur að mikilvægt sé að setja mögulegar skorður við slíkri starfsemi.

III. Happdrættisstofa

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að komið verði á fót nýrri ríkisstofnun, Happdrættisstofu, sem ætlað er að hafa umsjón með framkvæmd happdrættismála, eftir því sem mælt er fyrir um í lögum.

Í f. lið 7. gr. frumvarpsins er fjallað um kostnað vegna reksturs Happdrættisstofu. Þar kemur fram að þeir sem hafa leyfi til að starfrækja happdrætti, spilakassa og veðmálastarfsemi samkvæmt lögnum og öðrum lögum skuli standa straum af rekstri Happdrættisstofu með greiðslu eftirlits- og forvarnargjalds. Gjaldið skal nema 0,8% af hreinum happdrættis- og spilatekjum viðkomandi aðila.

Því skýtur skökku við að sérstök skattlagning á starfsemi Íslenskra getrauna verði notuð til að fjármagna starfsemi Happsdrættisstofu. Ætla má að ef af stofnun Happsdrættisstofu verður muni kostnaður við rekstur hennar einkum stafa af eftirliti með þeim aðilum sem ekki starfa í samræmi við lög og ýmsum þáttum sem ekki varða starfsemi Íslenskra getrauna. Í þessu sambandi telja Íslenskar getraunir eðlilegt að sá kostnaður sem ríkisvaldið verður fyrir vegna starfrækslu félagsins sé borinn af félaginu sjálfu. Íslenskar getraunir benda á að félagið ber í dag verulegan kostnað af því eftirliti sem er með félaginu t.d. á vegum endurskoðunarfyrirtækja og innanríkisráðuneytisins og það mun verða óbreytt þrátt fyrir tilkomu Happsdrættisstofu. Auk þess hafa Íslenskar getraunir ásamt öðrum happsdrættisfyrirtækjum staðið undir kostnaði á rannsóknum tengdum happsdrættisstarfsemi. Íslenskar getraunir telja að með stofnun Happsdrættisstofu sé verið að koma á fót umfangsmikilli starfsemi sem er mun umfangsmeiri en nauðsynlegt er með tilliti til starfsemi félagsins og því afar óeðlilegt sé að rekstur félagsins verði notaður til að fjármagna slíka starfsemi. Auk þess hafa stofnanir af þessu tagi tilhneigingu til að þenjast út með ærnum tilkostnaði sem mun því samkvæmt frumvarpinu lenda hjá Íslenskum getraunum.

Einnig má ætla að nokkur kostnaður af rekstri stofnunarinnar muni koma til vegna forvarnarstarfs sem reyndar er afar óljóst í hverju á að felast. Eins og áður greinir þá hafa Íslenskar getraunir sjálfar að eigin frumkvæði reynt að stuðla að ábyrgri spilun og fengið sérstaka vottun þess efnis. Þá er rétt að benda á að spilafíkn tengist einkum spilakössum og pókerspilum á erlendum vefsíðum. Að mati Íslenskra getrauna felur skattlagningin í sér að félaginu verði ætlað að bera kostnað sem einkum má rekja til starfsemi annarra aðila og fyrirtækja sem ekki starfa í samræmi við íslensk lög. Þrátt fyrir það telur félagið eðlilegt að happsdrættisfyrirtækin leggi fé til meðferðarúrræða fyrir einstaklinga sem glíma við spilafíkn og til forvarna á því sviði. Íslenskar getraunir álíta að með því að stærstu fyrirtækin á markaðnum myndu leggja til um 3-6 milljónir króna á ári þá væri unnt að lyfta grettistaki í meðferðarúrræðum og forvörnum við spilafíkn í samræmi við alþjóðlega staðla um *ábyrga spilun*.

Íslenskar getraunir telja að ekkert liggi fyrir sem knýr á um að eftirlit verði aukið með starfsemi happsdrættisfyrirtækja sem starfa í samræmi við lög. Að mati Íslenskra getrauna væri eðlilegra að áður en sérstakri stofnun verði komið á fót þá ráði ráðuneytið til sín 1-2 starfsmenn í fullt starf til að sinna eftirliti og yfirstjórn á happsdrættismarkaðnum. Með stofnun sérstakrar stofnunar er að mati Íslenskra getrauna verið að búa til óþarfa og kostnaðarsama yfirbyggingu sem eingöngu leiðir til þess að félagið getur látið minna af hendi rakna til almannaheilla.

Í þessu sambandi vilja Íslenskar getraunir benda á að frjáls félagasamtök á Íslandi, þ.m.t. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Knattspyrnusamband Íslands og Íþróttabandalag Reykjavíkur, sem aðild eiga að

félaginu, hafa tekið á sig miklar fjárhagslegar skerðingar á síðustu árum. Frekari skattlagning Íslenskra getrauna bitnar því beint á starfsemi þessara samtaka.

IV. Netfyrirtæki


Samkvæmt d. lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til bætt verði við nýju ákvæði í 3. mgr. 2. gr. laganna þar sem Happprættisstofu verði veitt heimild að fengnu samþykki ráðherra að veita þeim er starfrækja happprætti eða söfnunarkassa samkvæmt sérstökum lögum þar um, einum eða fleiri saman, leyfi til að reka happprætti á netinu þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi.

Eins og áður hefur verið bent á hafa Íslenskar getraunir um árabíl selt á netinu þá leiki sem félagið hefur leyfi til að starfrækja. Mikilvægt er að greina á milli slíkra leikja og þess ef ætlunin er að stofna til nýrra leikja á netinu sem ekki hafa verið til staðar áður.

Í 2. mgr. 2. gr. nógildandi laga kemur fram að happprætti þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi sé óheimilt að reka nema samkvæmt sérstakri lagaheimild. Með fyrrgreindu ákvæði frumvarpsins virðist ætlunin að veita Happprættisstofu lagaheimild til að veita sérstök leyfi til að starfrækja happprætti á netinu umfram það sem viðkomandi aðila er heimilt samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem um þá gilda.

Rétt er að benda á að þeir netleikir sem starfræktir hafa verið af erlendum aðilum á undanförunum árum og notið töluverðra vinsælda hér á landi er sú starfsemi sem helst er fallin til þess að valda spilafíkn og auka vandamál tengd slíku. Íslenskar getraunir telja að engin rök standi því til þess að Alþingi framselji til Happprættisstofu heimildir til að veita sérstök leyfi til starfrækslu netleikja heldur sé mun farsælla að slík starfsemi byggji á beinum lagaheimildum eins og gilt hefur um peningahappprætti hingað til. Jafnframt er um að ræða verulega fjárhagslega hagsmuni fyrir þann sem slíkar heimildir fær auk þess að geta haft mikil áhrif á samkeppnisstöðu einstakra aðila á happprættismarkaði.

ÍSLENSKAR GETRAUNIR



Hafsteinn Pálsson

Stjórnarformaður



Stefán Konráðsson

framkvæmdastjóri